

Ed.

485. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um tollvörugæymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á einum fundi, þar sem einnig voru mættir þeir Sigtr. Klemenzson ráðuneytisstjóri og Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, en þeir hafa báðir unnið að undirbúningi frv. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 13. gr. Í stað 1. og 2. másl. komi:
Vörur úr tollvörugæymslum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollfyrvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn.
2. Við 15. gr. Í stað orðanna „og 10. gr.“ í 3. mgr. komi: 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.

Alþingi, 19. maí 1960.

Ólafur Björnsson, Jón Þorsteinsson, Magnús Jónsson.
form., frsm. fundaskr.

Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.